

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2014

109-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðildarríkja EES-samningsins þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 – rammaáætlun fyrir rannsóknir og nýsköpun (2014–2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf aðildarríkja EES-samningsins þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1292/2013 frá 11. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 294/2008 um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu ⁽²⁾.
- 3) Bókun 31 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2014 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 1. gr. bókunar 31 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 5. mgr.:

„– **32013 R 1291:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 – rammaáætlun fyrir rannsóknir og nýsköpun (2014–2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).

Liechtenstein skal undanþegið þátttöku í þessari áætlun og fjárframlögum til hennar.“

2. Eftirfarandi bætist við í stafl. a) í 11. mgr.:

„eins og henni var breytt með:

– **32013 R 1292:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1292/2013 frá 11. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 294/2008 um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 174).“

3. Texti stafl. b) í 11. mgr. falli brott.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hefur borist (*).

Hún gildir frá 1. janúar 2014 að telja.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 174.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.